Þeir. Fimtu partar eda 20 ^x af heimajördinni Midgrund í Blöndu=hlíd, byggjist hérmed til allra réttra leiguliða nota nærstkomandi Fardaga=ár Sigurdi Gíslasyni á Fjalli med eptirfylgjandi skilmálum:

1º Ad hann haldi þeim parti nefnd=rar Jardar vid hefd og makt, og þau Hús, sem partinum fylgja, eptir billegri leiguliða skyldu, uppá sinn kostnad, árlega for=betri ad lögum; rækti tún og =engjar af fremsta kröptum og hvörttveggja uppvinni, samt ecker af því, eda ödru hennar landi, burtuleigi eda ljái, án Húsbónda sampykkis; ei brúki reidings eda =torfristu nema til heimilis þar=far; en afvendi, eptir mögulegleik =um þeim skada sem Jördinni þessari synist vilja tilfalla; ei má hann burt=taka nýhús aptur, ef þau þar byggir, án Húsbónda leifis. —

2º Fullnægji han þeim allranádugast

uppá bodnu skylduverkunum
sem einum löglega ábúandi til
=koma. — Svari öllum sidvana
=legum Kvödum, sem áliggja, edur
leggjast kunna, svosem: Tíundum
bodburdi, etc:
samt sje landsdrottni í allan ~~máta~~
uppsóinkjanlegan máta hollur,
trúr, og velviljadur, sem gódum
landseta sómir. —
3o Á móti tilhlýdilegum Qvittering
=um hér uppá, betali hann í ár
=lega landskuld 5 — skrifa fim
landi vetur gamla, gallalausa,
gelda, og í gódu standi, ad hvörs
útlýdandi árs Fardögum, edr
þá þeirra vyrdi, eptir Capitulé
=taxta, ef ejer skileyrir til, einnig
slái forsvaranlega, eina Dagsláttu
hér á túni gl: M:, þá þess óskad
—verdur. — samt taki 9 ær, eda
1½ Qvigyldi til lög ábyrgdar og
—eptirgjalds í skileyris réttum. —
4o Ad öllum þessum skilmálum vel
=höldnum, er ofan nefndum Sigurdi
nefndur Sardar partur heimill,
sem sagter; en verdi þar brestur á,

edur ockur géti ej sómasamlega sam
=id, sé hann skyldugr sjálfviljuglega
burtu ad flytja af partinum, þá
þad af mínum eda mér í tíma til
=sagt verdur. — Af þessri flytur: ad
Sigurdr taki heima hvört haust
—edr þegi laun fyrir nóttina helgi,
þá burtu vill flytja. — nema ef
ödru vísi verdur umbodsé. —

Fliugumýri d: 16de Maii 1836

Areson

Framan og ofanskrifada skilm
=ála áintekur, og lofar ad halda,
eptir mætti. sama dag, sem str
=ax var settur.

Sigurdur Gíslason

Leigur af ½ Kúgyldi eru í skileyri be
=taladar dagsláttar legann og ½ speciur
betalad fyrir næstlidid ár. —
Fyrir nýbyrjad Fardaga ár, er fram
ann og ofanskrifudum Sigurdi
—Gíslasyni bygd hálf Midgrund
med framanskrifudum skilm
=álum, einasta er bætt vid eptirgjald
=id 1 speciu, og 3 ám til leigu.

=Flugumýri d: 16de Junii 1837

Arason

Landskuld og leigur til Fardaga 1839, er nú klárað, með skilum, d: 16 Junii 1839.

Arason

Skilmála svovel aðalbyggingar=ar bréfsins af 16de Maii 1836 sem viðauka þess af 16 Junii 1837. er eg ásáttur með og lofa að uppfylla.

Miðgrund 8de Ap: 1848.
Sigurður Gíslason

Viðstaddir vottar

P. Jónsson    Þ. Jónsson

Að þessi afskrift sé samhljóða frumritinu vitnar hérmeð

p.t. Flugumýri d. 26ta April 1848

P. Jónsson    P. Jónsson